

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerðar nr. 283/2011 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/433/EB.

1. gr.

Reglugerð nr. 283/2011 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/433/EB, er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 853/2014 frá 5. ágúst 2014 um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan. Reglugerðin var felld inn í samninginn á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007 frá 1. maí 2010. Reglugerð (ESB) nr. 853/2014 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. júní 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 853/2014****frá 5. ágúst 2014****um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eftir að í ljós kom að sólblómaolía frá Úkraínu innihélt mikið paraffín úr jarðolíu voru, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1151/2009 ⁽²⁾, sett sérstök skilyrði frá 1. janúar 2010 fyrir innflutningi sólblómaolíu sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan. Á grundvelli þeirrar reglugerðar á viðurkenndur fulltrúi heilbrigðisráðuneytis Úkraínu að annast kerfisbundna vottun því til staðfestingar að tekin hafi verið sýni úr sendingum af sólblómaolíu, sem eru fluttar út til Evrópusambandsins, og þau greind og að þau innihaldi ekki meira en 50 mg/kg af paraffíni úr jarðolíu. Viðbótarslembisýnataka lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna við innflutning til Sambandsins tryggir enn frekar að sendingarnar innihaldi ekki meira en 50 mg/kg af paraffíni úr jarðolíu.
- 2) Þar eð lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa ekki tilkynnt um sýni, sem eru ekki í samræmi við kröfur, síðan sú reglugerð öðlast gildi er við hæfi að fella þessi sérstöku skilyrði úr gildi.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1151/2009 er hér með felld úr gildi.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1151/2009 frá 27. nóvember 2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/433/EB (Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 36).